

Hönnunarstaðall

Merkið

Merki SI er einn mikilvægasti burðarás sjónrænnar ásýndar samtakanna. Merkið þjónar sem stöðugur grunnur í allri samskiptahönnun og tryggir samræmi og auðþekkkjanleika á öllum miðlum.

Merki Samtaka iðnaðarins hefur verið yfirfarið og fínstillt með áherslu á skýrleika, jafnvægi og notagildi. Breytingarnar felast meðal annars í betrumbættri stærðar- og staðsetningarskilgreiningu, auk nýs leturmerkis sem styrkir heildarformið.



Samtök
iðnaðarins

Merkið er einnig til í útgáfu með ensku leturmerki til notkunar í alþjóðlegu samhengi. Sú útgáfa fylgir sömu form- og staðsetningarreglum og íslenska merkið og tryggir samræmda ásýnd þegar samskipti fara fram yfir landamæri.




The Federation of Icelandic Industry


Til að tryggja skýrleika og sjónrænt jafnvægi skal ávallt halda skilgreindu frísvæði í kringum merkið. Mælieiningin X er skilgreind sem fjarlægðin frá grunnlínu stafanna í SI-merkinu að ytri útlínu formsins sem merkið er innan í. Sú eining er notuð sem bil á milli merkis og leturmerkis, en tvöföld sú eining skilgreinir ytri jaðar frísvæðis.



Mælt er með því að nota ráðlagt frísvæði þar sem aðstæður leyfa, til að tryggja hámarks skýrleika og yfirbragð. Í þeim tilvikum þar sem rými er takmarkað má nota lágmarksfrísvæði. Þá gildir einingin X sem ytri jaðar, í stað 2X, án þess þó að skerða læsileika merkisins.



Merkið skal ávallt birtast þannig að það haldi hámarks skýrleika og læsileika. Nota skal bláa merkið á ljósum bakgrunni og hvíta merkið á dökkum bakgrunni eða yfir ljósmyndum. Velja skal útgáfu merkisins með skýra læsileika í forgangi.





Þessi útfærsla á merkinu er ætluð til notkunar þar sem einfaldari og þéttari lögun tryggir betri skýrleika og læsileika án þess að raska auðkenni eða samræmi vörumerkisins.



x

Merkið án leturmerkis er notað á stafrænum snertiflötum þar sem smæð og skýr framsetning ráða úrslitum, til dæmis sem favicon á vefsíðum, í forritatákn eða í prófilmyndum á samfélagsmiðlum.

Við alla notkun gilda sömu meginreglur og annars staðar í kerfinu: að viðhalda réttum hlutföllum, tryggja nægilegt frísvæði og nota eingöngu samþykkt litaafbrigði. Markmiðið er að viðhalda skýrleika og samræmi, jafnvel í minnstu birtingum.



Litapalletta

Litakerfi SI er hannað til að skapa skýra, stöðuga og auðþekkjanlega heild. Litirnir mynda grunninn að yfirbragði vörumerkisins og stýra því hvernig við byggjum upp áherslur, læsileika og jafnvægi í allri miðlun, jafnt í prenti sem stafrænum miðlum.

Í þessum kafla er farið yfir aðallit, mótvægislit og stoðlitakerfi sem saman mynda sveigjanlegt og áreiðanlegt litakerfi.

SI Blár

Blái liturinn er aðallitur Samtaka iðnaðarins og ber uppi sjónræna sérstöðu vörumerkisins. Hann er notaður í bakgrunni, fyrirsögnum og öðrum lykilflötum þar sem skýrleiki og sterkt yfirbragð skipta máli.

Liturinn endurspeglar traust, fagmennsku og stöðugleika, gildi sem endurspegla hlutverk SI sem sameiginlegs málsvara iðnaðarins. Þegar aðstæður leyfa skal blái liturinn vera í forgangi.

SI Ljósblár

Ljósblái liturinn er mótvægi við bláa aðallitinn og skapar jafnvægi, andrými og yfirvegaða framsetningu. Hann tryggir góðan læsileika og styður við skýra uppbyggingu efnis.

Liturinn stendur fyrir einfaldleika, skýrleika og aðgengileika og er því notaður í svipuðu hlutfalli og aðalliturinn í heildaryfirbragði SI.

Hér sjást aðallitir SI ásamt skilgreindum blæbrigðum – einum dekkri og einum ljósari. Blæbrigðin styðja við aðallitina og tryggja sveigjanleika í uppsetningu án þess að raska heildaryfirbragði.

Litakerfið er ekki tæmandi. Ef þörf krefur má próa frekari ljósari eða dekkri útgáfur, en það skal ávallt gert af hófsemi og í samræmi við heildarstefnu vörumerkisins.

CMYK-gildi litanna eru stillt með það að markmiði að tryggja skýrleika og líflega prentun, en skulu teljast sem viðmið. Þegar um viðkvæma eða stór upplög í prentun er að ræða er æskilegt að fá prentprufur.

#1F31A0
RGB: 31, 49, 160
CMYK: 85, 55, 0, 0

#031584
RGB: 3, 21, 132
CMYK: 100, 0, 5, 68

#000067
RGB: 0, 0, 103
CMYK: 85, 55, 0, 0

#1F31A0
RGB: 31, 49, 160
CMYK: 85, 55, 0, 0

#F4F8FB
RGB: 244, 248, 251
CMYK: 0, 0, 0, 2

#E4EBF0
RGB: 0, 0, 103
CMYK: 85, 55, 0, 0

Stoðlitirnir eru bjartir og lifandi litir sem gefa litakerfinu aukna orku og útgeislun þegar þörf er á. Þeir eru sóttir í lykilmýndir SI, og eru notaðir sem skilgreindir litir í ákveðnum aðstæðum, til dæmis í skýrslum, framsetningu á tölfraði og gögnum eða vefviðmótum.

Stoðlitunum er ekki ætlað að bera uppi vörumerkið heldur að styðja við aðallitina þegar þörf er á uppbroti, áherslum eða skýrari flokkun upplýsinga. Þeir eru notaðir í hófi og ávallt í þjónustu heildaryfirbragðs SI.



Stoðlitirnir eru bjartir og lifandi litir sem gefa litakerfinu aukna orku og útgeislun þegar þörf er á. Þeir eru sóttir í lykilmyndir SI, og eru notaðir sem skilgreindir litir í ákveðnum aðstæðum, til dæmis í skýrslum, framsetningu á tölfærði og gögnum eða vefviðmótum.

Stoðlitunum er ekki ætlað að bera uppi vörumerkið heldur að styðja við aðallitina þegar þörf er á uppbroti, áherslum eða skýrari flokkun upplýsinga. Þeir eru notaðir í hófi og ávallt í þjónustu heildaryfirbragðs SI.

Litakerfið er ekki tæmandi. Ef þörf krefur má próa frekari ljósari eða dekkri útgáfur, en það skal ávallt gert af hófsemi og í samræmi við heildarstefnu vörumerkisins.

CMYK-gildi litanna eru stillt með það að markmiði að tryggja skýrleika og líflega prentun, en skulu teljast sem viðmið. Þegar um viðkvæma eða stór upplög í prentun er að ræða er æskilegt að fá prentprufur.

#3A47C4

RGB: 58, 71, 196

CMYK: 70, 64, 0, 23

#1F6BFF

RGB: 31, 107, 255

CMYK: 88, 58, 0, 0

#FF3B30

RGB: 255, 59, 48

CMYK: 0, 77, 81, 0

#FF6A3D

RGB: 255, 106, 61

CMYK: 0, 58, 76, 0

#FF3973

RGB: 255, 57, 115

CMYK: 0, 78, 55, 0

#DA0040

RGB: 218, 0, 64

CMYK: 0, 100, 71, 15

#FFE3AE

RGB: 255, 227, 174

CMYK: 0, 11, 32, 0

#FFF6DC

RGB: 255, 246, 220

CMYK: 0, 4, 14, 0

Hér sést heildarlitapalletta SI ásamt skilgreindum litakóðum og hlutföllum. Hlutföllin sýna hvernig litirnir vinna saman sem ein samræmd heild.

Rétt og meðvituð notkun litakerfisins tryggir stöðugan karakter, óháð miðli eða aðstæðum.

CMYK-gildi litanna eru stillt með það að markmiði að tryggja skýrleika og líflega prentun, en skulu teljast sem viðmið. Þegar um viðkvæma eða stór upplög í prentun er að ræða er æskilegt að fá prentprufur.

#5764E1 RGB: 87, 100, 225 CMYK: 61, 56, 0, 12	#3D89FF RGB: 61, 137, 255 CMYK: 76, 46, 0, 0	#FF594E RGB: 255, 89, 78 CMYK: 0, 65, 69, 0	#FF885B RGB: 255, 136, 91 CMYK: 0, 47, 64, 0	#FF5791 RGB: 255, 87, 145 CMYK: 0, 66, 43, 0	#F81E5E RGB: 248, 30, 94 CMYK: 0, 88, 62, 3	#FFFFCC RGB: 255, 255, 204 CMYK: 0, 0, 20, 0	#FFFFE6 RGB: 255, 255, 230 CMYK: 0, 0, 10, 0
#3A47C4 RGB: 58, 71, 196 CMYK: 70, 64, 0, 23	#1F6BFF RGB: 31, 107, 255 CMYK: 88, 58, 0, 0	#FF3B30 RGB: 255, 59, 48 CMYK: 0, 77, 81, 0	#FF6A3D RGB: 255, 106, 61 CMYK: 0, 58, 76, 0	#FF3973 RGB: 255, 57, 115 CMYK: 0, 78, 55, 0	#DA0040 RGB: 218, 0, 64 CMYK: 0, 100, 71, 15	#FFE3AE RGB: 255, 227, 174 CMYK: 0, 11, 32, 0	#FFF6DC RGB: 255, 246, 220 CMYK: 0, 4, 14, 0
#1E2BA8 RGB: 30, 43, 168 CMYK: 82, 74, 0, 34	#014DE1 RGB: 1, 77, 225 CMYK: 100, 66, 0, 12	#E11D12 RGB: 225, 29, 18 CMYK: 0, 87, 92, 12	#E14C1F RGB: 225, 76, 31 CMYK: 0, 66, 86, 12	#E11B55 RGB: 225, 27, 85 CMYK: 0, 88, 62, 12	#BC0022 RGB: 188, 0, 34 CMYK: 0, 100, 82, 26	#E1C590 RGB: 225, 197, 144 CMYK: 0, 12, 36, 12	#E1D8BE RGB: 225, 216, 190 CMYK: 0, 4, 16, 12

Týpógrafía

Letur SI er valið til að styðja við skýra, faglega og nútímalega miðlun. Letrið byggir á nákvæmum formum og sterkum, tæknilegum einkennum sem endurspeгла hlutverk SI sem sameiginlegs vettvangs iðnaðarins.

Letur SI er Programme frá Optimo Foundry.
Það er bæði traust og framsækið og hentar
því vel sem rödd samtaka sem standa fyrir
þróun og nýsköpun í iðnaði.

Programme — Optimo Foundry

AaÁáBb AaÁáBb

DdĐđEe DdĐđEe

ÉéFfGg ÉéFfGg

Programme er fjölhæft letur sem hentar jafnt í fyrirsögnum sem lengri textum. Letrið skapar sterka ásýnd án þess að verða yfirpyrmandi.

Skýr form og jafnvægi í hlutföllum tryggja góðan læsileika í öllum miðlum.

AÁBDÐEÉFGHIÍJKLMNOÓPRSTUÚVXYÝÞÆÖ
aábdðeéfgghiíjklmnoóprstuúvxyýþæö
1234567890!@#%&()[]+

Programme Bold

AÁBDÐEÉFGHIÍJKLMNOÓPRSTUÚVXYÝÞÆÖ
aábdðeéfgghiíjklmnoóprstuúvxyýþæö
1234567890!@#%&()[]+

Programme Regular

AÁBDÐEÉFGHIÍJKLMNOÓPRSTUÚVXYÝÞÆÖ
aábdðeéfgghiíjklmnoóprstuúvxyýþæö
1234567890!@#%&()[]+

Programme Bold

Letrið er með sex vigtir en SI notar einungis þrjár þeirra. Þetta val tryggir sveigjanleika og samræmi á sama tíma.

Light: Notað í texta sem er ekki skilgreindur sem aðaltexti, t.d. texta með social efni
Regular: Notað í meginmáli í langflestum tilvikum.
Bold: Eingöngu notað til áherslu í fyrirsögnum eða call to action

Programme

Light	123
Regular	123
Bold	123

Programme býður upp á alternative stíl þar sem valdir stafir fá skarpari skurði og tæknilegra yfirbragð.

Þessi stíll er notaður sparlega, eingöngu í fyrirsögnum og stærri leturstærðum, og aðeins á völdum lágstöfum: [e](#), [f](#), [Gg](#), [Jj](#), [r](#), [t](#), [Uu](#) & [æ](#).

Markmiðið er að brjóta upp reglufestu og bæta sjónrænum karakter við texta, án þess að raska fagmennsku eða skýrleika.

Val á stöfum má vera frjálst innan ramma, en alltaf með jafnvægi og samræmi í huga.

Programme Regular

Framsækin framtíð
iðnaðarins



Programme Regular Alt

Framsækin framtíð
iðnaðarins

Allt markaðs- og kynningarefni SI notar ávallt Programme til að tryggja sjónræna heild. Þar sem ekki er hægt að nota Programme, notum við kerfisletrið Verdana sem hefur svipuð hönnunareinkenni og áferð.

Verdana lettrið er aðgengilegt öllum og fylgir stýrikerfum Microsoft og macOS.

AÁBDĐEÉFGHIÍJKLMNOÓPRSTUÚVXYÝÞÆÖ
aábdðeéfgghiíjklmnoóprstuúvxyýþæö
1234567890!@#\$\$%&()[]+

Verdana Regular

AÁBDĐEÉFGHIÍJKLMNOÓPRSTUÚVXYÝÞÆÖ
aábdðeéfgghiíjklmnoóprstuúvxyýþæö
1234567890!@#\$\$%&()[]+

Verdana Bold

Fyrirsagnir

Fyrirsagnir eru að jafnaði settar í Regular eða Light, allt eftir tón og samhengi. Bold er notað þegar fyrirsögn þarf að vera afdráttarlaus, þegar hún er mjög stutt og birtist í stórri leturstærð, eða þegar markmiðið er að skapa skýran kontrast innan fyrirsagnar með blöndu vigtanna.

Undirfyrirsagnir

Undirfyrirsagnir eru settar í Programme Regular eða Light. Þar er áhersla lögð á jafnvægi og skýrleika, sérstaklega í lengri fyrirsögnum eða textabútum þar sem Bold væri of ríkjandi.

Meginmál

Meginmál er sett í Regular. Þar sem við á má nota Light til að léttja yfirbragð eða skapa fínlegan mun á milli efnislaga. Markmiðið er ávallt góður læsileiki og rólegt, faglegt yfirbragð.

Gervigreind lønþing 2026

Programme Light, Regular, Bold Fyrirsagnir og stærri textar

Liðka til fyrir lækkun tolla

Programme Regular Lengri fyrirsagnir og millifyrirsagnir

Lorem ipsum dolor sit amet, consectetur adipiscing elit.
Nam ac felis posuere, aliquam diam eu, facilisis ligula.
Morbi dolor lorem, congue cursus rhoncus vel, luctus id enim.

Programme Light, Regular Meginmálstextar og allir lengri textar

Kynntu þér viðburðinn. **Nánari upplýsingar á [www.si.is](#)**

Programme Light, Regular Meginmálstextar og allir lengri textar

Línubil og stafabil eru stillt með það að markmiði að tryggja skýrleika, jafnvægi og góðan læsileika í allri textauppsetningu. Hlutföllin eru valin til að styðja við skýra híaarkíu og tryggja að texti haldist samfelldur, hvort sem um er að ræða stórar fyrirsagnir eða lengri meginmálstexta.

Fyrir stórar fyrirsagnir er notað þéttara línubil til að halda textanum þéttum og kraftmiklum, ásamt örlítið þrengdu stafabili til að styrkja heildarform og sjónræna festu. Í minni fyrirsögnum er línubil rýmra, en stafabil áfram stillt til að viðhalda skýrleika.

Meginmálstexti og smærri textar eru settir með rýmra línubili og óbreyttu stafabili til að tryggja góða lesupplifun og jafnvægi í lengri textum.

Gervigreind lönþing 2026

Programme Light, Regular, Bold 150pt / 90% / -2%

Liðka til fyrir lækkun tolla

Programme Regular 80pt / 100% / -2%

Lorem ipsum dolor sit amet, consectetur adipiscing elit.
 Nam ac felis posuere, aliquam diam eu, facilisis ligula.
 Morbi dolor lorem, congue cursus rhoncus vel, luctus id enim.

Programme Light, Regular 22pt / 130% / 0%

Kynntu þér viðburðinn. **Nánari upplýsingar á [www.si.is](#)**

Programme Light, Regular 16pt / 130% / 0%

Textauppsætning SI byggir á skýrleika, jafnvægi og góðu andrými. Fyrirsagnir mega ná yfir stór svæði til að skapa festu og nærveru, en mikilvægt er að halda rými í kringum texta svo yfirbragðið haldist létt, aðgengilegt og yfirvegað.

Í uppsetningu er gert ráð fyrir rými fyrir lykilmyndir og annað myndefni þegar það á við. Þegar myndefni er ekki notað gegnir andrými mikilvægu hlutverki og verður virkur hluti af hönnuninni. Allur texti skal vinstrijafnaður og samspil texta, myndefnis og tóms rýmis tryggir skýra og samræmda framsetningu vörumerkisins.

Taktu daginn frá!

lönþing SI

2026

Lorem ipsum 1. dolor kl. 12:00–14:00 í
Dolor e Ipsum Reykjavík

Dis lorem lacinia sagittis et convallis egestas. Libero leo eget at enim risus mauris suscipit convallis. Enim.



lönþing

2026




Lykilmyndir



Lykilmyndir SI eru eitt helsta einkenni sjónrænnar ásýndar samtakanna. Þær færa ásýndinni orku og hreyfingu og styðja við efnið í heild, án þess að yfirgnæfa eða keppa við önnur sjónræn atriði.

Innblástur er sóttur í ljósbrot, líkt og þegar prisma sundrar hvítu ljósi í litróf og dregur fram alla þá þætti sem búa að baki heildinni. Á sama hátt varpa lykilmyndirnar ljósi á fjölbreytileika, kraft og samspil ólíkra radda innan iðnaðarins. Þær byggja á flæðandi litum og mjúkum formum sem miðla hreyfingu, frampróun og lífi, og skapa skýra en lifandi sjónræna heild.

Hér sést yfirlit yfir fjórar grunnútgáfur lykilmynda SI. Þær mynda sameiginlegan sjónrænan grunn og endurspegla hugmyndir um orku, flæði og framþróun innan vörumerkisins.



Lykilmyndirnar eru sveigjanlegar í litum og má aðlaga þær að mismunandi samhengi og miðlum. Með litabreytingum má skapa fjölbreytni og áherslur, án þess að raska heildaryfirbragði eða auðþekkjianleika.



Lykilmyndir eru aldrei sýndar í heild sinni. Þær eru notaðar í ákveðnum ramma þar sem valin sjónarhorn skapa hreyfingu og dýpt og myndefnið verður virkur hluti af uppsetningu og efni.



Með því að vinna með mismunandi ramma (e. crop), liti og samsetningar skapast fjölbreyttar útfærslur innan sama kerfis. Þetta sýnir hversu sveigjanlegar lykilmyndirnar eru og hvernig þær geta aðlagast ólíkum aðstæðum, miðlum og áherslum, án þess að missa sjónrænt samhengi.

